



Tilmæli 33/2021/Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin D 2022

Fyrri skjalsnúmer	A 1867/UVU
Afgreiðsla	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndarálit norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar um svar við tilmælum

um stuðning Norðurlanda við íblöndun 5% lífoldsneytis í flugvélaeldsneyti**Tillaga**

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð leggi svarið til hliðar og telji afgreiðslu lokið að hálfu ráðsins á tilmælum 33/2021 sem varða *stuðning Norðurlanda við íblöndun 5% lífoldsneytis í flugvélaeldsneyti*.

Bakgrunnur

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að norrænu ríkisstjórnirnar beiti sér saman fyrir gerð sameiginlegrar norrænnar áætlunar í þeim tilgangi að minnka loftmengun af völdum flugumferðar;
- að samin verði sameiginlega áætlun um að Norðurlönd verði fyrsta svæði heims með jarðefnaeldsneytisláusan flugmarkað með samnorrænni kröfu um íblöndun 5% lífoldsneytis í allt flugvélaeldsneyti, byggt á norrænu hráefni, sem notað er í flugi milli og innan Norðurlanda frá og með árinu 2025;
- að skýrslan Nordic Sustainable Aviation verði þýdd á skandinavískt tungumál og að samantekt á pólitískum tilmælum verði þýdd á skandinavískt mál auk finnsku og íslensku.

Tilmælin eiga rætur að rekja til skýrslunnar „Nordic Sustainable Aviation“ sem Norrænar orkurannsóknir (NEF) sendu frá sér 2020 en hana er að finna á slóðinni:

<https://www.nordicenergy.org/publications/nordic-sustainable-aviation/>

Greint er frá bakgrunni og forsendum tilmællanna í meðfylgjandi „Nefndaráliti um þingmannatillögu um stuðning Norðurlanda við íblöndun 5% lífoldsneytis í flugvélaeldsneyti“.



Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Fyrsta markmið framtíðarsýnar Norrænu ráðherranefndarinnar um Græn Norðurlönd er að „greiða fyrir lausnum sem stuðla að kolefnishlutleysi og aðlögun að loftslagsbreytingum, til að mynda í samgöngum, byggingum, matvælum og orkumálum“. Vinna Norrænu ráðherranefndarinnar að grænum umskiptum í samgöngugeira hefur fram að þessu beinst aðallega að samgöngum á vegum og sjó en í minna mæli að flugsamgöngum. Sameiginlegar aðgerðir landanna voru þó ræddar á fundi umhverfis- og loftslagsmálaráðherranna, MR-MK, 28. október 2020 (eftir kynningu norsku samgönguhagfræðistofnunarinnar, Transportøkonomisk institutt) þar sem lagt var til að Norræna ráðherranefndinni ynni áfram að þessum málaflokki. Embættismannanefndin um orkumál (EK-Energi) samþykkti þann 15. febrúar 2022 að veita þriggja ára styrk að upphæð 2,11 millj. DKK til verkefnisins *Electric Aviation and the effects on the Nordic regions* að því tilskildu að nán samhæfing yrði með verkefninu „*Nordic Network for Electric Aviation*“ sem Norræna nýsköpunarmiðstöðin (embættisnefndin um atvinnustefnu, EK-Næring) stendur að.

Norræna ráðherranefndin afgreiddi umrædd tilmæli með aðkomu AU, vinnuhóps ráðherranefndarinnar um umhverfis- og loftslagsmál. Fulltrúar vinnuhópsins hafa ráðfært sig við hlutaðeigandi yfirvöld í löndunum til að kynna afstöðu þeirra til málsins.

Svíþjóð, Danmörk, Finnland og Noregur benda á að of snemmt sé að íhuga sameiginlega norræna áætlun um loftslagshlutlausar flugsamgöngu, sér í lagi kröfu um íblöndun 5% lífoldsneytis í flugvélaeldsneyti. Löndin rökstyðja mál sitt með því að vísa í „Fit for 55“-pakka framkvæmdastjórnar ESB frá júlí 2021 þar sem sett er krafa um lágmarks íblöndun 2% sjálfbærs eldsneytis frá árinu 2025 („Refuel EU Aviation“), enn fremur sé verið að semja um hvort aðildarríkin sjálf geti samþykkt eða innleitt strangari kröfur um íblöndun. Öll norrænu ESB-löndin beita sér fyrir því að ríkin geti sjálf sett sér strangari íblöndunarkröfur. Þá benda löndin á að tillaga framkvæmdastjórnar ESB kveði á um töliverðar breytingar á rammaskilyrðum en það gæti haft mikil áhrif á matið á þeim aðferðum sem nefndar eru í skýrslu Norrænna orkurannsóknna (Nordic Sustainable Aviation). Framkvæmdastjórn ESB leggur til eftirfarandi kröfur um íblöndun „sjálfbærs flugvélaeldsneytis“ (sustainable aviation fuels, SAF):

- 2% frá 2025;
- 5% frá 2030, að lágmarki 0,7% rafræn steinólía;
- 20% frá 2035, að lágmarki 5% rafræn steinólía;
- 32% frá 2040, að lágmarki 8% rafræn steinólía;
- 38% fyrir 2045, að lágmarki 11% rafræn steinólía;
- 63% fyrir 2050, að lágmarki 28% rafræn steinólía.

Öll Norðurlöndin eru því sammála um að gera flugsamgöngur vistvænni. Finnar eru reiðubúnir að íhuga 30% íblöndun sjálfbærs flugvélaeldsneytis fyrir 2030. Í Danmörku hefur forsætisráðherrann kynnt framtíðarsýn þess efnis að allt innanlandsflug verði algerlega vistvænt fyrir 2030. Í Svíþjóð er skylt að draga úr losun en það felur í sér að byggjum flugvélaeldsneytis er gert að blanda lífoldsneyti saman við flugvélasteinolíu úr jarðolíu. Árið 2030 á losun gróðurhúsalofttegunda af völdum flugvélasteinolíu að



hafa dregist saman um 27%. Eins er bent á að samningaviðræður um sjálfbærar flug-samgöngur eiga sér stað á vegum viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir (EU-ETS), CORSIA (kerfis til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi), Alþjóðaflugmála-stofnunarinnar (ICAO), Alþjóðlega flutningamannasambandsins (ITF), Evrópu-sambandsins/Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA) og ekki síst í N-ALM, vinnuhóps norrænna flugmálayfirvalda um flugsamgöngur og umhverfismál.

Að mati sumra Norðurlandanna gæti verið góð hugmynd að gera sameiginlega norræna áætlun um loftslagsaðgerðir í flugsamgöngum en hún yrði að byggja á stefnu landanna og kanna þyrfti hvaða auðlindir eru fyrir hendi til framleiðslu á sjálfbæru norrænu flugvélaeldsneyti, þar á meðal hvort krafa um norræna framleiðslu brjóti í bága við ákvæði í viðskiptum. Þá þarf áætlun af þessu tagi að taka tillit til þess að geirinn þarf að uppfylla ákveðnar kröfur um losun til að geta staðið við losunar-markmið viðkomandi lands.

Niðurstaðan sé því sú að ekki sé hægt að styðja tilmælin og þar með norræna nytsemi þeirra. Þegar samningaviðræðum ESB um íblöndunarkröfur aðildarlandanna lýkur hyggst Norræna ráðherranefndin kanna hvort og þá hvernig efna megi til norræns samstarf um tillögur tilmælanna.

Varðandi tillöguna um að þýða skýrsluna „Nordic Sustainable Aviation“, þá eiga sum landanna erfitt með að koma auga á virðisauka sem fælist í að þýða skýrsluna í heild sinni en virðast vera fylgjandi því að samantekt og niðurstöður skýrslunnar verði þýddar á eitt skandinavísku málanna auk finnsku og íslensku.

Norræna ráðherranefndin telur hér með að tilmælunum hafi verið svarað.

Sjónarmið nefndarinnar

Hagvaxtar- og þróunarnefndin telur greinargerð Norrænu ráðherranefndarinnar varpa ljósi á málið og að tekið sé að mörgu leyti undir óskir sem fram koma í tilmælunum, en að svo stöddu sé ekki talið að norræn samhæfing mynda fela í sér norræna nytsemi. Löndin telja að þessi vinna eigi aðallega að fara fram á vettvangi ESB og svarið bendir til þess að löndin stefni að því að beita sér fyrir sjálfbærum og kolefnislausum flugsamgöngum og aðlaga þær að loftslagsbreytingum innan samstarfs sem fyrir er alþjóðlega og milli Norðurlandanna.

Nefndin mun fylgjast reglulega með því hvernig löndin vinna að sjálfbærum flug-samgöngum.

Nefndin mun einnig beita sér fyrir því að málið verði tekið fyrir í pólitísku samráði/ á samráðsfundi með samgönguráðherrunum í Þingvikunni í nóvember 2022 en þá verða einnig önnur samgöngumál á borði nefndarinnar rædd með það fyrir augum að haldið verði norrænt málþing um samgöngumál þar sem þessi málefni verði til umræðu.

Nefndin leggur til að Norðurlandaráð telji afgreiðslu málsins lokið af hálfu ráðsins.



Álandseyjum, 29. júní 2022

Anders Eriksson (ÅF)
Kjell-Arne Ottosson (KD)
Per Olav Tyldum (Sp)
Orla Hav (S)
Karianne B. Bråthen (A)

Anna Vikström (S)
Liv Kari Eskeland (H)
Orri Páll Jóhannsson (VG)
Freddy André Øvstegård (SV)
Tor André Johnsen (FrP)